

Föstudaginn 25. marz 1960.

Nr. 13/1959. **Egill Árnason** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Sveini Egilssyni h/f

(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

og gagnsök.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Línðal prófessor.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1959 og gert þessar dómkröfur:

Í aðalsök: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 8485.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. desember 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök: Að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 4015.56 með 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags.

Loks krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í aðalsök og gagnsök bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. febrúar 1959, áfrýjað málinu með stefnu 28. s. m. og krafist þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 7465.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1955 til greiðsludags, en gagnáfrýjanda dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda.

Loks krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. Aðalsök (gagnsök í héraði).

Svo sem rakið er í héraðsdómi, pantaði aðaláfrýjandi hjá gagnáfrýjanda í desember 1954 sendiferðabíl af gerðinni Ford-Courier ásamt útvarpi, miðstöð, klukku, stefnuljósum

og heilum frambekk og greiddi um leið kr. 24.478.33, er hann taldi fob-verð bifreiðarinnar ásamt áðurgreindum fylgihlutum. Gagnáfrýjandi stóð eigi skil á bifreið þessari, en í maí 1955 afhenti hann aðaláfrýjanda til efnda á kaupsamningnum aðra bifreið af líkri gerð, en án nefndra fylgihluta. Lofaði framkvæmdastjóri og prókúruhafi gagnstefnanda að afhenda hlutina síðar. Verð bifreiðarinnar var kr. 67.216.67, og hefur aðaláfrýjandi greitt af því kr. 63.201.11, en eftir standa kr. 4015.56.

Telur aðaláfrýjandi, að hið umsamda kaupverð sé andvirði bæði bifreiðar og fylgihluta, en gagnáfrýjandi staðhæfir, að aðaláfrýjandi hafi átt að greiða fylgihlutina sérstaklega. Máli sínu til stuðnings vísar aðaláfrýjandi til bréfs gagnáfrýjanda, dags. 8. maí 1955, þar sem því er lýst, að aðaláfrýjandi eigi eftir að fá hjá gagnáfrýjanda heilan frambekk, miðstöð, útvarp, stefnuljós og klukku og að „ofangreinda hluti skuldbindum við okkur að afgreiða honum að kostnaðarlausu innan 40 daga“. En prókúruhafi gagnáfrýjanda hafði ritað yfirlýsingu um sama efni svoljóðandi: „Egill Árnason, Reykjavík. Miðstöð, Radió, Stefnuljós, Klukka, einnig heill bekkur honum að kostnaðarlausu innan 40 daga“.

Leitt er í ljós, að fyrrnefnt bréf, sem tjáist vera ritað 8. maí 1955, var eigi skrifað þá, heldur síðar um sumarið. Af hendi gagnáfrýjanda er því haldið fram, að hann sé eigi við bréf þetta bundinn, þar sem það sé eigi undirritað af prókúruhafa, heldur stjórnarformanni gagnáfrýjanda, en þá var prókúruhafinn veikur. Bréfið varðar venjuleg viðskipti við kaupunaut gagnáfrýjanda og er undirritað af manni, sem samkvæmt stöðu sinni annaðist slík viðskipti af hendi gagnáfrýjanda. Verður gagnáfrýjandi því að vera við það bundinn. Eðlilegastur skilningur á orðalagi bréfsins er sá, að aðaláfrýjandi eigi að fá fylgihluti þá, sem þar greinir, án sérstakrar greiðslu. Hefur gagnáfrýjandi eigi fært sönnur á, að aðaláfrýjandi hafi eigi mátt leggja þenna skilning í bréfið.

Gagnáfrýjandi afhenti aðaláfrýjanda útvarpið og stefnu-

ljósin, en eigi miðstöðina, klukkuna og hinn heila frambekk. Krefur aðaláfrýjandi hann því í máli þessu um andvirði þessara síðastnefndu fylgihluta:

1. Miðstöð	kr. 2326.00
2. Klukka	— 559.00
3. Heill frambekkur	— 5600.00

Alls kr. 8485.00

Samkvæmt bréfi því, dags. 8. maí 1955, er áður greindi, þar gagnáfrýjanda að láta fylgihluti þessa án sérstaks gagn-gjalds. Eigi verður talið, að aðaláfrýjandi hafi fyrir tómlæti fírt sig rétti til að krefjast andvirðis frambekkjarins, enda þar gagnáfrýjanda að eiga frumkvæði að því að afhenda hann. Er því rétt að taka kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök (gagnsök í héraði) til greina og dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum kr. 8485.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. des-ember 1956 til greiðsludags.

II. Gagnsök (aðalsök í héraði).

Gagnáfrýjandi gerir kröfu um:

1. Eftirstöðvar bílverðsins	kr. 4015.56
2. Þóknun fyrir hreinsun og lagfæringu á bílnum	— 500.00
3. Andvirði útvarpsins	— 2950.00

Alls kr. 7465.56

Um 1. Taka þer kröfu þessa til greina.

Um 2. Með skirskotun til raka héraðsdóms þer að sýkna aðaláfrýjanda af þessari kröfu.

Um 3. Aðaláfrýjandi átti samkvæmt nefndu bréfi 8. maí 1955 heimtingu á útvarpinu án sérstaks endurgjalds. Þer því að sýkna hann af þessari kröfu.

Samkvæmt þessu þer að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda í gagnsök (aðalsök í héraði) kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags.

III.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði

aðaláfrýjanda málskostnað í báðum sökum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnáfrýjandi, Sveinn Egilsson h/f, aðaláfrýjanda, Agli Árnasyni, kr. 8485.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. desember 1956 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda í báðum sökum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti málskostnað, kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. október 1958.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Sveinn Egilsson h/f, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 9. nóvember 1956, gegn Agli Árnasyni stórkaupmanni, Fjölnisvegi 14, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 7465.56 með 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1955 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 4015.56 með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, enda verði málskostnaður látinn falla niður.

Jafnframt hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 5. desember 1956, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 8485.00 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1956 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Tildrög að máli þessu eru þau, að í desembermánuði 1954 fékk gagnstefnandi innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir sendiferðabifreið frá Bandaríkjunum. Fór gagnstefnandi til aðalstefnanda og pantaði hjá honum sendiferðabifreið af gerðinni Ford-Courier. Með bifreiðinni pantaði gagnstefnandi útvarp, miðstöð, klukku,

stefnuljós og heilan frambekk. Um leið og gagnstefnandi gekk frá pöntuninni, greiddi hann kr. 24.478.33 til aðalstefnanda, og heldur gagnstefnandi því fram, að með því hafi hann greitt fob-verð bifreiðarinnar ásamt áðurgreindum fylgihlutum. Mistök urðu hjá aðalstefnanda á afgreiðslu bifreiðarinnar. Virðist helzt sem aðalstefnandi hafi aldrei sent pöntun til Bandaríkjanna á bifreið, eins og gagnstefnandi hafði óskað eftir. Í febrúar 1955 var bifreiðin enn ekki komin. Fékk gagnstefnandi þá innflutningsleyfið afhent hjá aðalstefnanda til þess að leita fyrir sér um bifreiðakaup hjá öðrum innflytjendum. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að með þessu hafi gagnstefnandi afturkallað pöntunina. Á það hefur gagnstefnandi ekki viljað fallast, enda kveðst hann ekki hafa fengið endurgreidda peninga þá, er hann greiddi, er hann gekk frá pöntuninni. Í byrjun aprílmánaðar fékk aðalstefnandi nokkrar bifreiðar frá Bandaríkjunum, og var gagnstefnanda gefinn kostur á að kaupa eina þeirra, sem var af sömu gerð og hann hafði upphaflega pantað, en henni fylgdu ekki munir þeir, sem áður greinir. Í stað heils frambekks voru stólar í bifreiðinni. Féllst gagnstefnandi á að taka við þeirri bifreið. Afhending bifreiðarinnar virðist hafa farið fram einhvern daganna 6.—10. maí 1955. Gagnstefnandi tók sjálfur við bifreiðinni, en um afhendingu sá Jörgen Hansen, þáverandi framkvæmdastjóri og prókúrhafi aðalstefnanda. Áttu þeir tal saman, er bifreiðin var afhent. Eru þeir á einu máli um það, að framkvæmdastjórinn hafi lofað að afhenda gagnstefnanda síðar muni þá, sem áður er skýrt frá, þar á meðal heilan frambekk gegn afhendingu á stólunum, sem í bifreiðinni voru. Hins vegar greinir þá algerlega á um það, hvort sérstakt endurgjald skyldi koma fyrir munina eða ekki. Kveðst gagnstefnandi hafa tekið við bifreiðinni með því skilyrði, að hann fengi munina endurgjaldslausu og að hann fengi þá auk þess setta í sér að kostnaðarlausu. Jörgen Hansen kveðst hins vegar hafa lofað fyrir hönd aðalstefnanda, að gagnstefnandi skyldi fá hina umræddu muni setta í bifreiðina án þess að þurfa að greiða kostnað við það. Hins vegar hafi verið til þess ætlað, að gagnstefnandi greiddi söluverð munanna gegn afhendingu á lausu sætunum.

Til stuðnings staðhæfingum sínum hefur gagnstefnandi lagt fram bréf til hans frá aðalstefnanda, dags. 8. maí 1955, svohljóðandi: „Það viðurkennist hér með að Egill Árnason, sem keypti Ford Courierbifreið hjá okkur á eftir að fá eftirtalda hluti:

Heilan frambekk

Miðstöð

Útvarp
Stefnuljós
Klukku

Ofangreinda hluti skuldbindum við okkur að afgreiða honum að kostnaðarlausu innan 40 daga.“

Um tilorðningu þessa skjals hefur gagnstefnandi skýrt svo frá, að uppkast að því hafi Jörgen Hansen skrifað á skrifstofu aðalstefnanda. Virðist það hafa verið í það sinn, er áðurgreint samtal þeirra fór fram. Uppkastið hefur gagnstefnandi einnig lagt fram, og er meginmál þess svohljóðandi:

„Egill Árnason, Reykjavík, Miðstöð, Radio, Stefnuljós, Klukka, einnig heill bekkur honum að kostnaðarlausu innan 40 daga.“

Gagnstefnandi segir, að Jörgen Hansen hafi lofað að skrifa bréf samkvæmt uppkastinu og senda gagnstefnanda í pósti. Með því að Jörgen Hansen hafi lagzt rúmfastur, hafi orðið dráttur á því, að hann fengi bréfið afhent. Fór gagnstefnandi því á skrifstofu aðalstefnanda og krafðist yfirlýsingar samkvæmt uppkastinu. Var Jörgen Hansen þá enn fjarverandi vegna veikinda sinna.

Um tilorðningu yfirlýsingarinnar hefur stjórnarformaður aðalstefnanda, Jón Sigursveinsson, sem þá starfaði jafnframt á skrifstofu aðalstefnanda, skýrt svo frá, að hann hafi undirritað skjalið, en það hafi samið Sigurður Ólafsson, skrifstofumaður fyrirtækisins, en hann hafi látið af störfum 1. ágúst 1955 og þá hafið störf hjá gagnstefnanda. Kveðst Jón hafa talið, að Sigurður hefði samið skjalið í samráði við Jörgen Hansen, en Sigurður hafi orðað við sig, að bréfið væri eins konar samningsatriði á milli aðilja málsins, en ekki kveðst Jón hafa gert sér glögga grein fyrir því, hvernig skilja ætti seinni setninguna í bréfinu, og kveðst ekkert hafa rætt bréfið við Sigurð, þegar Sigurður lagði það fyrir hann til undirritunar.

Vitnið Sigurður Ólafsson hefur skýrt svo frá, að það hafi samið bréfið, en um það leyti hafi Jörgen Hansen verið veikur. Hafi Jón Sigursveinsson í því sambandi afhent vitninu uppkastið, sem áður er getið, en ekki gefið önnur fyrirmæli en þau, að gagnstefnandi ræki eftir því að fá það skriflegt, að hann vantaði þessa muni, sem í uppkastinu væri getið. Að fengnum þessum upplýsingum kveðst vitnið hafa samið og vélritað bréfið, sem það hafi síðan afhent Jóni til undirskriftar. Vitnið kveðst ekki hafa rætt efni bréfsins við Jörgen Hansen, áður en það samdi það.

Við hinn munnlega málflutning lýsti umboðsmaður gagnstefn-

anda því yfir, að bréfið, sem er dagsett 8. maí, hafi ekki verið skrifað þá, heldur síðar um sumarið.

Sumarið 1955 afhenti aðalstefnandi gagnstefnanda útvarp og stefnuljós í bifreiðina. Miðstöðina og klukkuna afgreiddi hann hins vegar ekki. Aflaði gagnstefnandi sér þeirra hluta því annars staðar frá auk hins heila frambekkjar, sem hann lét smíða í bíla-smiðju hér í bænum.

Verða nú kröfur aðilja í aðalsök og gagnsök raktar.

Aðalsök.

Aðalstefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar í aðalsök sem hér segir:

1. Bifreiðin	kr. 67.216.67	
Áður greitt	— 63.201.11	
		kr. 4015.56
2. Hreinsun o. þ. h.	— 500.00	
3. Útvarp	— 2950.00	
		Samtals kr. 7465.56

Um 1.

Aðalstefndi hefur viðurkennt kröfulið þenna, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Um 2.

Kröfu sína undir þessum lið styður aðalstefnandi þeim rökum, að hann hafi haft aukakostnað við hreinsun og lagfæringar á bifreiðinni, þegar hún kom til landsins, en aðgerðir þessar hafi verið nauðsynlegar til þess, að hægt væri að afgreiða bifreiðina í sómasamlegu ástandi. Auk þess hefur aðalstefnandi bent á það, að það sé komin á föst venja, að bifreiðasalar taki þessa fjárhæð í þóknun fyrir umstang sitt við afhendingu bifreiða.

Aðalstefndi hefur algerlega mótmælt að greiða fjárhæð þessa. Kveðst hann hafa tekið við bifreiðinni, eins og hún kom úr skipi, og aðalstefnandi ekkert gert við hana eða gert henni nokkuð annað til góða en að hann hafi látið, meðan aðalstefndi beið eftir bifreiðinni, klippa sundur víra, sem héldu fjöðrum bifreiðarinnar föstum. Hafi það verk tekið 5—10 mínútur. Þá hefur hann og mótmælt því, að nokkur venja sé um greiðslu slíkrar þóknunar.

Gegn andmælum aðalstefnda þykir aðalstefnandi ekki hafa rök-

stutt kröfu sína undir þessum lið nægjanlega og þá ekki heldur sannað, að venja sé komin á um greiðslu fjárhæðar þessarar. Ber því að sýkna aðalstefnda af kröfu þessari.

Um 3.

Aðalstefnandi færir þau rök fyrir kröfu þessari, að aðalstefnda sé skylt að greiða útvarpið, þar sem aðalstefndi hafi fengið það í sett, eins og lofað hafi verið. Það hafi aldrei verið ætlunin, eins og aðalstefndi haldi fram, að aðalstefndi fengi áðurgreinda fylgihluti ókeypis. Aðalstefndi hafi átt að greiða þá fullu verði, að eins hafi verið lofað að láta þá í bifreiðina honum að kostnaðarlausu. Yfirlýsingin, sem oft hefur verið getið, sé óskuldbindandi fyrir aðalstefnanda með öllu. Hún hafi orðið til fyrir misskilning. Sá, sem undirritaði hana, hafi að vísu verið formaður stjórnarinnar, en það skipti engu máli, þar sem tvo stjórnarmenn þurfti til þess að skuldbinda félagið. Sjálfstæðan rétt geti aðalstefndi því ekki byggt á skjalinu, sem í raun rétttri sé markleysa ein.

Aðalstefndi hefur algerlega mótmælt þessum kröfuflið með þeim rökum, að hann hafi fengið loforð framkvæmdastjórans og prókúruhafans Jörgens Hansens fyrir endurgjaldslausri afhendingu fylgihlutanna. Með því að útvarpið sé einn þessara hluta, beri honum alls engin skylda til að greiða aðalstefnanda það. Hvernig sem verði á loforð Jörgens Hansens annars liðið, þá skeri margnefnd yfirlýsing alveg ótvírætt úr um þetta atriði, hún sé sjálfstæð skuldbinding, sem aðalstefnandi sé bundinn af. Þá hefur aðalstefnandi á það bent, að hann hafi aldrei verið krafinn um andvirði stefnuljósanna, sem hann hafi fengið hjá aðalstefnanda sett í bifreiðina, og að aðalstefnandi hafi fyrst nú með höfðun þessa máls krafizt greiðslu fyrir útvarpið.

Það er viðurkennt af hálfu aðalstefnanda, að mistök urðu hjá honum um pöntun bifreiðarinnar fyrir aðalstefnanda. Þegar aðalstefnda urðu mistökin kunn, var eðlilegt, að hann leitaði fyrir sér um kaup á bifreið hjá öðrum innflytjendum. Það er hins vegar ósannað, að aðalstefndi hafi með þessu afturkallað pöntun sína hjá aðalstefnanda og aðalstefndi hafi svipt sig rétti til að halda hinum upphaflegu kaupum upp á aðalstefnanda.

Þegar staðhæfingar framkvæmdastjóra aðalstefnanda annars vegar og aðalstefnda hins vegar um það, hvort endurgjald hafi átt að koma fyrir munina eða ekki, eru athugaðir, þá verður að telja, að fyrrgreint uppkast styðji staðhæfingu aðalstefnda. Þykir næst að skilja uppkastið eftir orðalagi sínu þannig, að aðal-

stefndi hafi átt að fá alla munina endurgjaldslaust frá aðalstefnanda, enda hefur aðalstefnandi ekki sannað hið gagnstæða. Samkvæmt þessu svo og með tilliti til annarra atvika málsins ber að sýkna aðalstefnda af greiðslukröfu aðalstefnanda undir þessum lið.

Úrslit aðalsakar verða þá þau, að aðalstefnda ber að greiða aðalstefnanda kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum, sem rétt þykir að reikna frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags. Þá ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 900.00.

Gagnsök.

Eins og fyrr er greint frá, afhenti gagnstefndi gagnstefnanda útvarpið og stefnuljósinn. En með því að gagnstefndi afhenti ekki miðstöðina, klukkuna og hinn heila frambekk, aflaði gagnstefnandi sér þessara hluta annars staðar frá. Hefur hann höfðað gagnsök þessa til þess að fá gagnstefnda dæmdan til að greiða kostnaðarverð munanna. Kröfu sína í gagnsök sundurliðar hann þannig:

- | | |
|---------------------------|-------------|
| 1. Miðstöð | kr. 2326.00 |
| 2. Klukka | — 559.00 |
| 3. Heill frambekkur | — 5600.00 |

Kr. 8485.00

Um 1 og 2.

Eftir því sem fram hefur komið í málinu, mun gagnstefnandi hafa keypt miðstöðina og klukkuna á árinu 1955, og mun gagnstefndi hafa sett muni þessa í bifreiðina. Með hliðsjón af þessu og með skírskotun til raka þeirra, sem um getur í aðalsök undir 3. lið, ber að taka kröfu gagnstefnanda til greina samkvæmt þessum kröfuliðum.

Um 3.

Það er óumdeilt, að gagnstefndi átti að afhenda gagnstefnanda hinn heila frambekk gegn því, að gagnstefnandi skilaði aftur lausu sætunum. Verður að ætla, að gagnstefndi hafi átt að afhenda bekkinn innan 40 daga frestsins, sem um getur í margnefndu uppkasti. Er sá frestur var liðinn, bar gagnstefnanda þegar að hefjast handa um öflun annars bekkjar, ef hann vildi fara þá leið. Það gerði hann ekki, heldur notaði sætin, að því er virðist, talsvert á annað ár, þ. e. frá því að hann tók við bifreiðinni og þar til í nóvember 1956. Með þessu aðgerða-

leysi sínu, verður að telja, að gagnstefnandi hafi firrt sig rétti til að krefjast bekkjarins eða andvirðis hans. Ber því að sýkna gagnstefnda af kröfu gagnstefnanda samkvæmt þessum lið.

Úrslit gagnsakar verða þá þau, að gagnstefnda ber að greiða gagnstefnanda kr. 2885.00 með 6% árvöxtum frá þeim tíma, sem krafizt hefur verið, og málskostnað, er ákveðst kr. 750.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Gunnari Björnssyni verkstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Egill Árnason, aðalstefnanda, Sveini Egilssyni h/f, kr. 4015.56 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. nóvember 1956 til greiðsludags og kr. 900.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Sveinn Egilsson h/f, gagnstefnanda, Agli Árnasyni, kr. 2885.00 með 6% ársvöxtum frá 5. desember 1956 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. marz 1960.

Nr. 123/1959. **Garðar Jónsson** (Hörður Ólafsson hdl.)

gegn

Böðvari Bjarnasyni

(Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar, að því leyti sem það varðar hann, með stefnu 16. júlí 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.